

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**801. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 9. september 2013
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Erindi Orkubús Vestfjarða. (Var frestað á fundi byggðarráðs 15/7 sl.)
2. Lagning hitaveitu að Gauksmýri
3. Fundargerð sameiginlegs fundar sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra.
4. Tölvupóstbréf Matvælastofnunar
5. Framkvæmd skólaaksturs í Vesturhópi.

Afgreiðslur:

1. Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs er mættur til viðræðna við byggðarráð og gerði grein fyrir því að hann hafi óskað eftir tilboði frá Orkubúi Vestfjarða í uppsetningu 12 ljósastaura á Borðeyri.
2. Lagning hitaveitu að Gauksmýri. Fram lögð bréf frá aðilum er gefinn var kostur á að tengjast hitaveitu Húnaþings vestra á lagnaleiðinni Ós-Gauksmýri. Þar skuldbinda þeir sig til að greiða heimæðagjöld í samræmi við efni kynningarbréfs dags. 20. júní sl. Byggðarráð samþykkir að vísa ákvörðun um lagningu hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2014.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð sameiginlegs fundar sveitarstjórna Borgarbyggðar og Húnaþings vestra sem haldinn var þann 20. ágúst sl. Afgreiðslu tillagna er fram koma í fundargerðinni vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
4. Lagt fram tölvubréf frá Matvælastofnun þar sem greint er frá beiðni Eydísar Óskar Indriðadóttur og Ágúst Jóhanns Þorbjörnssonar um leyfi stofnunarinnar til kaupa á allt að 150 ám og 20 líflömbum frá Syðri- Kárastöðum. Matvælastofnun gerir ekki athugasemd við flutning hjarða innan sama varnarhólfs geri Húnaþing vestra ekki athugasemdir. Byggðarráð gerir ekki athugasemdir.
5. Framkvæmd skólaaksturs í Vesturhópi. Sveitarstjóri kynnti fyrir byggðarráði atriði er tengjast framkvæmd skólaaksturs í Vesturhópi.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Sveitarstjóri og Sigurður Kjartansson gerðu grein fyrir atriðum er fram komu á aðalfundi Sorpsamlags Strandasýslu sem haldin var þann 6. september sl.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:44

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.